

1. fundur atvinnumálanefndar, kjörtímabilið 2014 - 2018, haldinn þann 20. ágúst 2014, kl. 19:00, á Kirkjubæjarstofu.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu: Þorsteinn M. Kristinsson (formaður), Þuríður Benediksdóttir (varaformaður) og Auður Eypórsdóttir.

Auður Eypórsdóttir er kosinn ritari og ritar fundargerð dagsins.

Dagskrá:

1) Erindisbréf atvinnumálanefndar.

Sveitarstjórn fól atvinnumálanefnd að endurskoða erindisbréf atvinnumálanefndar. Erindisbréf yfirfarið og skilað inn sem sérstöku fylgiskjali (fsk.1)

2) Starfsmannastefna sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn fól atvinnumálanefnd að koma með umsögn um drög að starfsmannastefnu fyrir Skaftárhrepp. Starfsmannastefna yfirfarin og gerðar voru talsverðar athugasemdir við drög að starfsmannastefnu. (fsk.2)

3) Atvinnumál í Skaftárhreppi – staða og framtíðarsýn.

Atvinnumálanefnd mun leitast við að vera íbúum og fyrirtækjum til aðstoðar við hvers kyns nýsköpun og atvinnuuppbyggingu. Jafnframt mun nefndin leitast til að benda á og hafa frumkvæði að mögulegum atvinnutækifærum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Nefndin mun fara í fyrirtækjaheimsóknir og kynna sér atvinnulíf sveitarfélagsins.

Til þess að atvinnumálanefnd geti unnið að fyrrgreindum málum er nauðsynlegt að sveitarstjórn breyti samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps og heimili að fulltrúar nefndarinnar verði fimm talsins.

4) Ályktanir frá atvinnumálanefnd.

a) Atvinnumálanefnd lýsir áhuga á samstarfi við Frið og frumkrafta um nánara samstarf milli atvinnugreina í sveitafélaginu.

b) Atvinnumálanefnd fer fram á það við sveitarstjórn að nú þegar fari sveitarfélagið að auglýsa lóðir til íbúðabygginga á Kirkjubæjarklaustri. Í sveitarfélaginu er mikill húsnæðisskortur, sem hefur hamlað atvinnuuppbyggingu og starfsemi fyrirtækja innan sveitarfélagsins.

c) Ljósleiðari og þrífösun:

Atvinnumálanefnd fagnar áformum sveitarfélagsins um ljósleiðaravæðingu. Í nútíma þjóðfélagi eru góðar fjarskipta og nettengingar forsenda atvinnuuppbyggingar. Atvinnumálanefnd leggur jafnframt áherslu á að samhliða verði gerð áætlun um þrífösun rafmagns í sveitarfélaginu. Þau svör sem sveitarfélagið hefur fengið um áætlunir um þrífösun fram að þessu, hafa verið með öllu óásættanlegar. Vöntun á þrífösuðu rafmagni hefur einnig staðið uppbyggingu á atvinnustarfsemi fyrir þrifum.

d) Þekkingarsetur:

Atvinnumálanefnd leggur á það áherslu við sveitarstjórn og ríkisvaldið að halda áfram vinnu við byggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Slík framkvæmd mun skapa mörg störf í sveitarfélaginu, bæði á framkvæmdartíma og að honum loknum, auk afleiddra starfa.

5) Önnur mál.

Atvinnumálanefnd samþykkir að kanna áhuga fyrirtækja á svæðinu um stofnun fasteignafélags til bygginga íbúðahúsnæða á svæðinu.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:05.

Þorsteinn M. Kristinsson

Þuríður Benediktsd

Auður Eyþórsdóttir